

E 6/2020

**Fyrirspyrjandi** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin  
**Til** ríkisstjórna Danmerkur, Noregs, Finnlands,  
Svíþjóðar og Álandseyja

Til ríkisstjórna Danmerkur, Noregs, Finnlands, Svíþjóðar og Álandseyja

### **Skrifleg fyrirspurn um framtíðarskiptingu Norðurlanda í tímabelti**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin, sem vinnur með samstarf norrænu þjóðþinganna með tilliti til vinnumarkaðsmála, atvinnumála, efnahagsmála, byggðamála og stjórnsýsluhindrana, hefur fylgst með því starfi sem unnið er innan ESB varðandi niðurfellingu sumartíma og skiptingu Evrópu í ný tímabelti og að löndin geti sjálf ákveðið hvaða tímabelti þau vilji tilheyra. Það hefur valdið nefndinni áhyggjum að sjá að norrænu löndin virðast stefna í ólíkar áttir í þessu máli.

Því óskar nefndin svara við eftirfarandi spurningum:

- Hefur ríkisstjórnin haft samráð við granna sína á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum til þess að hægt sé að taka vel ígrundaða afstöðu um það hvaða tímabelti landið vill tilheyra?
- Hefur ríkisstjórnin íhugað afleiðingarnar fyrir vinnumarkaðinn á landamærasvæðum og verslun yfir landamæri á Norðurlöndum?
- Hefur ríkisstjórnin skráð sérstök svæði eða atvinnugreinar sem gætu orðið sérstaklega illa úti ef norrænu löndin taka ólíka stefnu varðandi val á tímabelti?
- Hefur ríkisstjórnin unnið kostnaðar- og ábatagreiningu sem segir til um hver ávinningur landsins yrði af því ef öll norrænu löndin á meginlandinu veldu sama tímabelti?



Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

Anders Eriksson (ÅF)

Ann-Sofie Alm (M)

Arman Teimouri (L)

Freddy André Øvstegård (SV)

Helge André Njåstad (FrP)

Jaspar Langgaard (sb)

Joakim Strand (sv)

Juhana Vartiainen (saml)

Lars Andersson (SD)

Lorena Delgado Varas (V)

Orla Hav (S)

Pyry Niemi (S)

Pål Jonson (M)

Ruth Mari Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Torhild Bransdal (KrF)

Vilhelm Junnila (saf)